

12/2 1966

S T A R F S S K Ý R S L A .

1 9 6 5

Gróðrarstöðin Tumastöðum.

Gróðrarstöðin á Tumastöðum.

Veður og vöxtur. Veturinn (jan.-marz) einkum framan af vel í meðallagi hlýr og hægviðrasamur, úrkoma tæplega helmingur á við meðalár. Janúarmánuður heldur hlýrri en í meðallagi, úrkoma í minnalagi, oftast hægviðrasamur. Hin hlýja veðráttta sem var seinni hluta janúar helst svo að segja allan febr. auð jörð og að mestu þýð, hlýindi langt yfir meðallagi. Marz helmingi kaldari en í meðalári en úrkoma tæplega 1/4 á við meðalár. Jörð auð en frosin allan mánuðin, veðrasamt fyrri hluta mánaðarins.

Vorið. (apríl-maí) Apríl rúmlega í meðallagi hlýr og úrkoma lítið yfir meðallag, jörð oftast auð og jarðvinnsla gat hafist hér upp úr miðjum mánuðinum. Maí einnig rúmlega í meðallagi hlýr, en úrkoma lítil eða aðeins rúmlega helmingur á við meðalár. Tíð fremur mild og þurr. Ýmsir runnar fóru að springa út um miðjan apríl og tún að grænka um miðjan sama mánuð, en gróðri fór afar hægt fram vegna vatnsleysis og vegna þess að klaki fór ekki alveg úr jörðu fyrr en um og eftir mánaðarmótin maí-júní.

Sumarið. (júní-sept.) Júní var tæplega í meðallagi hlýr, en góðviðrasamt og ágætt veður til allra úti verka. Júlí rúmlega í meðallagi hlýr, en úrkoma tæplega helmingur af meðallagi. Gróðri fer fremur hægt fram vegna þurrviðra. Ágúst tæplega í meðallagi hlýr, þurrviðrasamt flesta daga og hagstæð tíð til úti verka, 25. ágúst gerði næturfrost. September var nokkuð kaldari en í meðalári úrkoma 2/3 af meðalúrkomu, hagstætt veður til allra verka. Frost var um nætur dagana frá 7.-11. september.

Haustið. (okt.-nóv.) Október var óvenju hlýr en úrkoma 2 föld á við meðallag, veðrasamt nokkuð en ekki fárveður. Tvo síðustu dagana byrjaði að frjósa á auða jörð. Erfitt að sinna útiverkum. Nóvember kaldari en í meðalári, úrkoma lítil eða rúmlega 1/3 miðað við meðallag.

Desember mun kaldari en í meðalári og úrkoma ekki nema 1/4 af meðallagi. Flesta daga mánaðarins var frost. Fárviðrið sem gerði 29.-30. des. gerði hér nokkurn skaða og mun veðrið hafa komist upp í 14 vindst. er mest gekk á og er það mjög fátítt.

Laufgun. Birkiskjólbeltin hér á Tumastöðum laufguðust 30. maí en lauffall var 11. október. Vöxtur plantna var yfirleitt með minna móti hér í sumar og stafar af því hvað undanfarandi sumar hafa verið köld og sumarið í sumar var einnig neðan við meðallag og úrkoma mjög lítil. Vöxtur lauftrjáa var þó aftur á móti góður.

Fræfall á birki sama og ekkert.

meðalh. lágmark hámark sólar- úrkoma m/m Meðaltal árána 1928 -1960
 C kl. 8 kl. 20 dag. regn br.snj. dagar yfir 4st. meðalh.C úrkoma m/m úrkomudag.

Janúar	0,3	-1,9	1,8	15	60,3	21,8	14	8	-0,3	105,2	18
Febr.	3,3	1,5	5,4	8	63,5	13,0	16	3	0,2	94,8	15
Marz	0,9	-3,2	4,5	21	21,0	3,0	2	8	1,8	92,3	15
Apríl	4,5	0,4	7,2	27	55,3	20,0	13	8	3,8	69,0	15
Mai	8,2	4,6	11,6	22	28,9		12	7	7,5	53,5	14
Júní	9,9	66,0	12,8	26	53,7		17	4	10,3	56,2	15
Júlí	12,4	8,4	15,2	24	30,5		11	7	12,1	65,8	17
Ágúst	11,0	7,0	14,1	27	76,7		15	9	11,2	89,3	19
Sept.	8,1	4,9	11,3	21	67,7		19	7	8,6	106,1	19
Okt.	7,6	5,1	9,8	15	261,3		20	11	4,8	128,3	19
Nóv.	0,3	-1,8	2,3	21	38,3	6,0	9	5	2,4	111,4	17
Des.	-0,5	-3,0	1,2	6	7,9	18,6	6	10	1,0	107,0	19
Alls	66,0	28,0	97,9	233	765,1	82,4	154	87		1078,9	202
Meðaltal	5,5	2,3	8,2		70,6				5,3	89,9	
Mai-sept.	9,9	6,2	13,0	120	257,5		74	34	9,94	370,9	84

Hitasumma mai-sept. 1514,7

1520,1

Starfsmannahald. Vinna hófst í gróðrarstöðinni um miðjan marz með því að hér fóru að vinna 1 karlm. og 2 stúlkur og um mánaðarm. marz- apríl bættust við 2 karlm, unnið var 1/2 daginn, en vinna hófst þó ekki fyrir alvöru fyrr en upp úr 1. maí og lauk að mestu er vika var liðin af september, þó unnu hér 3 karlmenn af og til fram undir áramót eða meðan tíð leyfði.

Alls námu kaupgreiðslur til starfsfólksins hér í gróðrarstöðinni kr. 467.069,48 og fór mest af því til starfsf. sem búsett er hér í Rangárvallasýslu eða 400.244,43 kr. en til starfsmanna sem búsettir eru hér í Fljótshlíðarhr. kr. 324.350,03 eða 69,5% af öllu kaupi.

Starfsfólk á árinu, unnar vinnuvikur í hverjum mánuði.

	jan.	febr.	marz	apr.	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	samt
kon.	4	6	26	40	33	31	5						145
Karlm.	1	6	14	17	9	10	5	7	4	2			75
Samtals	5	12	40	57	42	41	10	7	4	2			220

Jarðvinnsla. Í reit þann sem dreifsett var í, í sumar var ekið 40 bílförnum af sandi, en sandur hafði ekki verið ekið í reitinn áður. Einnig var ekið um 25 bílförnum af sandi og hann notaður til að þekja sáningar og dreifsetningar, bæði það sem dreifsett var í ár og einnig dreifsetningu 1964.

Fræplöntur og hreinsun fræplantna. Kostnaður við fræplöntur varð kr. 70.800,98. Sáning hófst 1. júní og var lokið 11. júní, sáð var 31,3 kg. í 750 m². Kostnaður við hreinsun á fræbeðum varð kr. 30.061,77 .

Um sáninguna í vor er það að segja að hún tókst í alla staði vel, nema hvað bergfuran hefði mátt spíra betur. Fræbeðsplönturnar frá í vor hefðu mátt vera stærri og sama er að segja um 2/0

plöntur að undanskyldu birki og lerki en þær plöntur uxu mjög vel. Stafar þetta vafalaust mest af þurrkunum sem voru í sumar, en vegna þess hvað vökvunar kerfið er ófullnægjandi, voru ekki tók á að vökva sem skyldi.

Dreifsetning og hreinsun dreifplantna. Kostnaður við dreifpl. varð kr. 121.434,56 og fór nokkuð fram úr áætlun og sama er að segja um kostnað við hreinsun á dreifplöntum. Það sem gerir kostnaðin við dreifplönturnar svona mikinn var að smíðuð voru ný dreifsetningarbretti og var látið nokkuð vel af þeim. Dreifplöntur þær sem seldar voru voru búnar að standa í 3-4 ár í dreifbeðum og var seinlegt að taka þær upp.

Dreifsetningin hófst 9. júní og var lokið 26. júní, áður hafði þó verið lokið við dreifsetningu á birki og græðlingum. Dreifsett var 229.000 stk. græðlingar meðtaldir. Vöxtur varð mjög lítill á plöntum sem dreifsettar voru í ár og tæplega í meðallagi á eldri dreifsetningarplöntum. Notkun á íllgresislyfinu Gesatop reyndist ekki vel hér í sumar og munu þurrkarnir sem voru miklir, um að kenna.

Afhentar voru til sölu af skógarplöntum héðan úr gróðrarstöðinni 88.995 stk. að verðmæti kr. 257.095,00 - 30%. Plöntur til afhending. næsta vor eru samtals 125.500 stk. en einnig er hægt að afgreiða 132.900 stk. af plöntum síðsumars og yrði því hægt að afgreiða 256.400 stk. af plöntum 1966 og af því er 187.000 stk. rauðgreni.

Garðplöntur. Kostnaður við garðplöntur varð kr. 72.650,66. Dreifsettar voru 49.060 stk. af lauftrjám og græðlingum og

hefur aldrei verið dreifsett eins mikið hér áður. Seldar voru 9.110 stk. af garðplöntur. *Als kr. 107.923.-*

Skjólbelti. Kostnaður varð kr. 12.905,48. Nokkru var plantað af sitkagreni í skjólbeltin, en aðal áherslan var lögð á að þrifa til í skjólbeltunum sem fyrir voru.

Nú hefur verið getið helstu kostnaðarliða í gróðrarstöðinni og fer hann í heild hér á eftir.

Fræplöntur	kr. 70.800,98
Hreinsun fræplantna	- 30.061,77
Dreifplöntur	- 121.434,56
Hreinsun dreifplantna	- 75.815,85
Afhending skógarplantna	- 2.747,32
Garðplöntur	- 72.650,66
Skjólbelti	- 12.905,48
Ráðskona	- 37.035,00
Ýmsar framkvæmdir	- 9.217,17
Kostnaður v. verkafólks	- <u>6.051,85</u>
	<u>kr. 438.720,64</u>

Lítið var unnið að viðhaldi bygginga hér í ár. Endurnýjaður var hluti af vatnslögn í íbúðarhúsin hér á staðnum eða 60 m., en eftir er að endurnýja um 260 m. langa lögn og verður það að gerast áður en mótuneitið tekur til starfa á vori komanda. Vatnslögnin er orðin eins og sigti og stafar af því hvað hér er mikill leyr í jörðu.

Skjólgrindum hefur nokkuð fækkað á árinu en þær urðu fyrir nokkrum afföllum í ofviðrinu sem gerði hér 29.-30. des. Af skjólgrindum sem eru 1 m á hæð eru til 937 m. og af öðrum grindum 2092 m., eða 3029 lengdarm.

Dráttarvélar. Tekin var upp mótorinn í diesel dráttarvélinni og varð kostnaður við það um 13.000,00 kr. einnig voru endurnýjaðir hjólbarðar. Alls varð kostnaður við dráttarvélar kr. 32.433,02.

Vélar og handverkfæri voru máluð og haldið við eins og föng voru á .

Sáningar.

Birki Bæjarstað B-642	1,50 kg.	108 m ²
Birki Hallormstað B-641	1,50 -	90 -
Birki Noregi B-646	0,65 -	54 -
Rauðgreni Meldal B-648	2,00 -	99 -
Rauðgreni Sörli B-626	0,35 -	9 -
Sitkagreni Sitka B-649	1,30 -	72 -
Stafafura Skagway B-650	0,75 -	48 -
Bergfura B-655	2,60 -	174 -
Fjallafura Sviss B-595	0,25 -	15 -
Elri Næröy B-647	0,35 -	12 -
Elri Svíþjóð B-653	0,04 -	3 -
Reyniviður Múlakoti	12,50 -	39 -
Gráreynir Múlakoti	2,50 -	9 -
Silfurreynir	1,00 -	6 -
Alaskasólber Múlakoti	3,00 -	6 6 -
Þyrnir	1,00 -	3 -
Hlynur		<u>3 -</u>
Samtals	31,29 kg.	750 m ²

Dreifsetning 1965.

Sitkagreni Seward B-466 4/0	4.000	stk.	
Sitkagreni Homer B-522 3/0	29.700	-	
Sitkagreni Homer B-548 3/0	10.300	-	
Sitkabastarður Moose P. B-550 3/0	15.700	-	
Hvítgreni Moose P. B-549 3/0	18.000	-	
Rauðgreni Rissa B-530 4/0	23.000	-	
Rauðgreni Namdal B-554 3/0	10.600	-	
Stafafura Barkerv. B-585 2/0	40.500	-	
Bergfura Pyr. B-584 2/0	18.000	-	
Fjallapínur Sap. 3/4	2.800	-	
Sitkabast. Lawing B-436 2/4	3.100	-	
Sitkagreni Homer B-548 3/0	4.300	-	Samt. 180.000 stk.

Garðplöntur og græðlingar.

Birki Bæjarst. 2/0	9.100	stk.	
Hlynur 2/0	1.950	-	
Beyki 2/0	300	-	
Viðja	25.000	-	
Gljávíðir	1.350	-	
Ribs	3.150	-	
B. Thunbergii 2/0	960	-	
B. Thunbergii purpurea 2/0	300	-	
B. polyanta	1.350	-	
C. monogyna	19900	-	
E. europaeus	1.100	-	
C. dielsiana	2.600	-	Samt. 49.060 stk.
			Samt. 229.060 stk.
			=====

Plöntur til dreifsetningar 1966.

Sitkagreni Homer B-580 3/0	25.000	stk.
Rauðgreni Stjörd. B-579 3/0	201.000	-
Stafafura Barkerv. B-585 3/0	9.000	-
Bergfura Pyr. B-584 3/0	6.000	-
Lerki Ark. B-583 3/0	5.000	-
Fjallapínur Wansa L. B-541 3/0	4.000	-
Douglasgreni Blub. B-564 3/0	10.000	-
Douglasgreni L-2433 B-566 3/0	<u>16.000</u>	-
Samtals	276.000	stk.
=====		

Plöntur til afhendingar 1966.

Vor.

Rauðgreni N.Tr.Y. B-429 3/3	55.500	stk.
Rauðgreni Rissa B-530 2/2	14.200	-
Sitkagreni sáð á Hall. 2/3	16.800	-
Sitkagreni Seward B-465 3/3	3.800	-
Stafafura Barkerv. B-585 3/0	11.000	-
Bergfura Pyr. B-584 3/0	15.000	- smáar
Lerki Ark. B-583 3/0	9.000	-
Sveigfura Mont. B-453 3/4	<u>200</u>	-
Samtals	125.500	stk.
=====		

Plöntur til afhendingar 1966.

Síðsumar.

Rauðgreni Rissa B-530 2/2	80.000 stk.
Rauðgreni Rússl. B-485 3/2	2.900 -
Rauðgreni N.Tr.Y. B-429 3/3	35.000 -
Sitkagreni Seward B-466 3/3	<u>15.000 -</u>
Samtals	132.900 stk.
	=====

Plöntur til afhendingar vorið 1967.

Stafafura Barkerv. B-585 2/1	30.000 stk.
Bergfura Pyr. B-584 2/1	15.000 -
Sitkagreni Homer B-522 3/1	23.000 -
Sitkagreni Homer B-548 3/1	11.000 -
Sitkabast. Moose P. B-550 3/1	12.000 -
Sitkagreni Seward B-466 4/1	3.000 -
Lerki Senkursk. B-587 2/0	14.000 -
Bergfura Haut Confl. B-592 2/0	40.000 -
Stafafura Skagway B-591 2/0	<u>70.000 -</u>
Samtals	218.000 stk.
	=====

Garðplöntur til afhendingar 1966.

Viðja 0/3	1.200	stk.
Þingvíðir 0/2-0/4	7.000	-
Ríbs 0/3	200	-
Sólber 0/3	400	-
Alaskaösp 0/3-0/5 aft að 225cm.	10.000	-
Birkikvistur 0/3	1.600	-
Sitkagreni 2/2/4	1.000	-
Berberis polyanta	1.600	-
C. Lagenaria	160	-
Runnamura	150	-
Fjallaríbs	100	-
Álmur í líng.	100	-
Garðarós	150	-
R. multiflora	100	-
Bumaldakvistur	40	-
Snækvistur	100	-

Samtals 22.850 stk.

=====

Afhentar plöntur 1965.

Skógarplöntur.

Sitkagreni Seward B-466 3/2	4.000	stk.
Sitkagreni Seward B-348 3/4	27.480	-
Sitkagreni Homer B-389 3/4	5.550	-
Sitkagreni Homer B-437 2/4	3.000	-
Sitkabastarður Lawing B-436 2/4	11.000	-
Hvítgreni Moose P. B-432 2/4	2.700	-
Hvítgreni Sum. L. B-433 2/4	850	-
Fjallapínur Sapinero	40	-
Stafafura Skagway B-462 2/3	11.500	-
Stafafura Alberta B-468 2/3	5.200	-
Stafafura Wansa L. B-572 3/0	5.200	-
Fjallapökl Lawing B-409 3/3	475	-
Lerki Arkang. B-573 3/0	3.000	-
Lerki Arkang. B-589 2/0	9.000	-
	<hr/>	
Samtals	88.995	stk.
	=====	

Afhentar plöntur 1965.

Garðplöntur.

Birki	2.495	stk.
Reyniviður	331	-
Gráreynir	37	-
Úlfareynir	7	-
Alaskaösp	65	-
Elri	85	-
Álmur	15	-
Ribs	240	-
Sitkagreni	933	-
Stafafura	1.200	-
Lerki	83	-
Viðja	846	-
Þingvíðir	1.140	-
Birkikvistur	836	-
Runnamura	122	-
Fjallaribs	275	-
Snækvistur	100	-
Aðrartegundir	<u>300</u>	-

Samtals 9.110 stk.
=====